

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/57/EB falla úr gildi, hinn 19. júlí 2010, tilskipun ráðsins 96/48/EB ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB ⁽⁴⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 19. júlí 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi liður 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB) verði endurtölusettur sem liður 37ca.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir hinum nýja lið 37ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB):
„37d. **32008 L 0057**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 L 0057**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB frá 17. júní 2008 (Stjtið. ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1).“
4. Texti liðar 37a (tilskipun ráðsins 96/48/EB) og liðar 37ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB) falli brott hinn 19. júlí 2010.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/57/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.